



Reykjavík, 27.11.2013

**Til: Efnahags- og viðskiptanefndar**

**Minnisblað frá stjórn Grænu Orkunnar um skattaívilnanir vegna rafbíla**

Síðan um mitt síðasta ár hafa rafbílur notið skattaívilnana. Rafbílur (hvort sem er rafgeyma, vetnis eða tengiltvinn) eru dýrari en hefðbundnir bílar og svo mun vera um nokkur tíma.

Þær ívilnanir sem tóku gildi um mitt síðasta ár hafa haft nokkur áhrif. Fram að þeim tíma höfðu nánast engir nýjir rafbílur verið skráðir á Ísland þrátt fyrir að slíkir bílar hafi verið á markaði í all nokkur ár. Ljóst er að í löndum þar sem slíkar ívilnanir eru ekki fyrir hendi hefur markaðurinn nánast ekkert tekið við sér. Hins vegar þar sem ívilnanir eru mestar, þ.e. í Noregi (nokkuð meiri en hérlendis) hefur sala á rafbílum náð sér vel á strik og er nú að meðaltali yfir 3% af öllum nýseldum bílum.

Á síðust 18 mánuðum hafa rúmlega 60 rafbílur selst á Íslandi. Það verður að teljast ásættanlegur árangur enda um nýja tækni að ræða. Þrátt fyrir ívilnanir þá er ljóst að sala á slíkum bílum verður enn hæg enda þeir um 1-2 milljónum dýrari en hefðbundinn bíll í sama stærðarflokki.

Innviðir fyrir rafbíla eru einnig rýrir hérlendis. Hins vegar verða talsverðar breytingar þar á á næstunni þegar Orkuveita Reykjavíkur mun reisa 10-20 hraðhleðslustaura, mest á stórhöfuðborgarsvæðinu. Slík uppbygging hefur alls staðar haft talsverð áhrif á hugsanlega kaupendur rafbíla og vonir standa til þess að slíkt muni einnig gerast hérlendis.

Það má teljast harla ólíklegt að rafbílur lækki verulega í verði á næstunni. Því er spáð að þeir lækki kannski um 5-20% á næstu 2-4 árum og því er ljóst að þeir verða dýrari en hefðbundnir bílar um nokkur ókomin ár. Nær allir sem koma að þessum málum eru sannfærðir um að salan muni verða nánast enginn ef ívilnanir verða lagðar af.

Sé það markmið hins opinbera að auka þátt vistvænna samgangna á Íslandi og nota innlent vistvænt eldsneyti er mikilvægt að ívilnanir haldi áfram í nokkur ár. Mikilvægt er að hið opinbera marki stefnu nokkur ár fram í tímann þannig að aðilar sem eru að vinna á þessum markaði viti hvernig hann verði og geti markað sér stefnu varðandi innkaup bíla og hugsanlega uppbyggingu innviða fyrir slíka bíla. Tap hins opinbera vegna þessarra ívilnana er lítið því að rafbílur koma fyrst og fremst í stað smábíla sem bera lítil opinber gjöld þar sem þeir lenda í lágum innflutningsgjöldum og eru því ódýrir. Hins vegar má ætla að ríkið fái aðrar tekjur, þ.e. aukin sala á innlendu eldsneyti og minni innflutningur af olíu (gjaldeyrissparnaður). Einnig hefur slíkt jákvæð áhrif á heildarútblátur CO2 frá Íslandi þó lítið sé í byrjun. Fyrir hönd stjórnar Grænu Orkunnar skorum við á stjórnvöld að halda ívilnunum áfram á rafbíla og marka stefnu til nokkurra ára í senn.

Fyrir hönd stjórnar Grænu Orkunnar

Bryndís Skúladóttir; [bryndis@si.is](mailto:bryndis@si.is)  
Formaður

Jón Björn Skúlason; [skulason@newenergy.is](mailto:skulason@newenergy.is)  
Verkefnisstjóri